

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Öxarfjarðarhéraðs hf.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967, með síðari breytingum, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Öxarfjarðarhéraðs hf., er öðlist þegar gildi.

Gjaldskrá Hitaveitu Öxarfjarðarhéraðs hf., nr. 254 24. mars 2003:

4. gr. breytist og orðist svo:

Hver lítri á mínútu kostar kr. 25.978 á ári, án fastagjalds og virðisaukaskatts.

Notendur sem kaupa 4 l/mín., eða minna, greiða einnig fastagjald kr. 11.664 á ári, auk virðisaukaskatts.

5. gr. breytist og orðist svo:

Fyrirtæki sem samið hafa um kaup á heitu vatni samkvæmt rennslismæli greiða kr. 84,33 fyrir rúmmetra vatns auk virðisaukaskatts, en greiða þó að lágmarki samkvæmt samningi um fastan lítrafjölda.

Iðnaðarráðuneytinu, 7. febrúar 2008.

F. h. r.

Kristján Skarphéðinsson.

Guðjón Axel Guðjónsson.